

Ed. **239. Frumvarp til laga** [127. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Upphaf 15. gr. laganna orðist svo:

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir menn 16 ára og eldri, sem:
Síðari málsgr. 15. gr. falli niður.

2. gr.

b-liður 16. gr. orðist svo:

Njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

3. gr.

f-liður 16. gr. falli niður.

4. gr.

Í stað „120 daga virka ár hvert“ í niðurlagi 17. gr. komi: 156 daga virka ár hvert.

5. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Atvinnuleysisbætur skulu vera kr. 266.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 230.00 fyrir aðra og kr. 25.00 fyrir hvert barn á framfæri yngra en 16 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi. Hámark bóta að meðtöldum bótum vegna barna, má nema kr. 355.00 á dag.

Framangreindar bótafjárhæðir eru grunnupphæðir, sem skulu taka sömu breytingum og grunnkaup samkvæmt 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og á þær greiðast sömu verðlagsuppbætur.

Atvinnuleysisbætur til þeirra, sem njóta örorkubóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, greiðast aðeins að því marki, sem þær eru hærrí en örorkubæturnar.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkvæmt lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem út var gefin 16. marz 1968 í sambandi við nýja kjarasamninga, hafi ríkisstjórnin heitið því að beita sér fyrir hækkunum á bótagreiðslum vegna atvinnuleysis og öðrum lagfæringum á bótarétti. Athugun aðilja á málinu lauk hins vegar ekki það tímanlega að hægt væri að leggja frumvarp fram á Alþingi og afgreiða það áður en jólaleyfi alþingismanna hófst, verður því að telja brýna nauðsyn bera til að setja nú þegar lög um hækkun atvinnuleysisbóta og lagfæringu á ákvæðum um bótarétt.

Með skirskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Upphaf 15. gr. laganna orðist svo:

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir menn 16 ára og eldri, sem: Síðari málsgr. 15. gr. falli niður.

2. gr.

b-liður 16. gr. orðist svo:

Njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

f-liður 16. gr. falli niður. **3. gr.**

4. gr.
Í stað „120 daga virka ár hvert“ í niðurlagi 17. gr. komi: 156 daga virka ár hvert.

5. gr.
18. gr. laganna orðist svo:

Atvinnuleysisbætur skulu vera kr. 266.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 230.00 fyrir aðra og kr. 25.00 fyrir hvert barn á framfæri yngra en 16 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi. Hámark bóta að meðtöldum bótum vegna barna, má nema kr. 355.00 á dag.

Framangreindar bótafjárhæðir eru grunnupphæðir, sem skulu taka sömu breytingum og grunnkaup samkvæmt 2. texta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og á þær greiðast sömu verðlagsuppbætur.

Atvinnuleysisbætur til þeirra, sem njóta örorkubóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, greiðast aðeins að því marki, sem þær eru hærri en örorkubæturnar.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkvæmt lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

6. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.